

3ja ára áætlun 2011-2013

Greinargerð með þriggja ára áætlun 2011-2013

Inngangur

Tilgangur þriggja ára áætlana er að sveitarstjórn horfi til framtíðar við vinnslu hennar með setningu ramma um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins með ákveðin markmið í huga. Við slíka vinnu hljóta að koma upp ýmis sjónarmið varðandi ákvarðanatöku, umfang framkvæmda, áherslur og fjárhagslega getu sveitarfélagsins út frá ýmsum sjónarmiðum. Með skipulögðum vinnubrögðum er hægt að sjá hvaða áhrif ákveðin þróun hefur á fjárhag sveitarfélagsins.

Þriggja ára áætlun er í eðli sínu leiðbeinandi fyrir stjórn sveitarfélagsins en til samanburðar er hin árlega fjárhagsáætlun skuldbindandi hvað varðar ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á reikningsárinu.

Með lögum nr. 74/2003 voru sett inn ný ákvæði í sveitarstjórnarlög um form þriggja ára áætlana. Með þeim kom skýrt fram sú afstaða löggjafans að auknar formkröfur við gerð þriggja ára áætlana undirstrikar ábyrgð sveitarstjórna við stjórn á fjármálum sveitarfélaganna.

Forsendur

Áætlunin er sett upp á verðlagi í byrjun ársins 2010 og útreikningar fyrir árin 2011-2013 byggja á þeim forsendum. Opinberar spár eru notaðar um verðbólgu, vaxtastig og kjarasamninga. Mikil óvissa ríkir um alla þessa þætti og forsendur fljótar að breytast.

Tekjuforsendur eru byggðar á opinberum spám og er gert ráð fyrir að íbúapróun sé sambærileg við árin á undan. Þ.e. lítil breyting á fjölda íbúa.

Ekki eru gerðir sérstakir útreikningar á aldurssamsetningu íbúa og mögulegum breytingum á þeirri samsetningu.

Reiknað er með svipuðum afskriftum og lækkun lífeyrisskuldbindinga frá árunum á undan, samkvæmt vísbendingum á útreikningi lífeyrisskuldbindinga í árslok 2009.

Um þróun fjármunatekna og gjalda er mikil óvissa í áætluninni. Miðað er við opinberar spár en vart þarf að taka fram að þessar forsendur breytast mjög hratt.

Lánasamsetning Ísafjarðarbæjar er hagstæð enda er rúmlega fjórðungur þeirra í húsnæðislánnum sem bera 1-2,5% vexti. Þá er reiknað með að lán frá Ofanflóðasjóði verði ekki greidd upp heldur afskrifist að lánstíma loknum um 50%.

Erlend lán eru í svipinn óhagstæð þar sem gengi krónunnar hrundi og hefur ekki styrkst ennþá. Við hrun krónunnar hækkuðu erlend lán og lán í erlendri mynt gríðarlega. Afborganir af þeim þyngdust að sama skapi. Á móti kemur þó að vextir af erlendum lánnum hafa lækkað mikið og voru lágir fyrir. Reynsla síðustu 15 ára sýnir að erlend lán eru hagstæðari en innlend lán sökum þess hversu vaxtabyrðin er mikið lægri.

Ef krónan styrkist á nýjan leik þá mun hækkun lánanna ganga til baka sem því nemur. Í forsendum fjárhagsáætlunar 2010 er gert ráð fyrir því að gengisvísitalan verði um 230 stig að jafnaði út árið 2010. Síðan er gert ráð fyrir að gengi krónunnar styrkist um nálægt 10% á árinu 2011 og gengisvísitalan verði að jafnaði 207 stig á því ári. Árið 2012 er reiknað með að gengisvísitalan verði 205 stig og árið 2013 verði hún 200 stig.

3ja ára áætlun 2011-2013

Spár um þróun gengisvísitölu eru byggðar á þeim vangaveltum sem stjórnvöld hafa sett fram að undanfögnu. Mikil óvissa er um þessar spár og forsendur þeirra.

Lán sem tekin eru í íslenskum krónum eru yfrleitt verðtryggð og síðan bætast raunvextir ofan á verðtrygginguna. Þeir hafa farið hækkandi á liðnum misserum vegna minna framboðs lánsfjár. Greiðslubyrði verðtryggðra lána hefur þó ekki hækkað jafn mikið og greiðslubyrði gengistryggðra lána.

Vextir af innlendum lánum eru frekar háir enda verðbólga um 8,6% í ársbyrjun 2010, en fer þó lækandi. Reiknað er með hún verði um 5% á ársgrundvelli 2010 og undir 3% árin 2011 og 2012.

Hækkun lánsins vegna verðtryggingar þýðir í raun nýja lántöku í hverjum mánuði sem kemur til greiðslu síðar. Fjármálaráðuneytið spáir hraðri lækkun stýrivaxta Seðlabankans á árinu. Stýrivextir í ársbyrjun 2010 eru 11,5% og lækki á árinu og verði þeir að jafnaði 4,8%.

Ljóst er að verulegir óvissuþættir eru í þessum spám en þetta eru þær viðmiðanir sem helst er hægt að ganga út frá um þróun þessara liða.

Fjárfestingaráætlun

Gerðar eru miklar breytingar á áætluninni frá því sem var. Ástæðan er öllum kunn. Bankahrunið í október 2008 setur sveitarfélögum það miklar skorður í rekstri og fjárfestingum að um mikinn viðsnúning er að ræða.

Fjárfestingar 2009 voru aðeins 31.2 m.kr. og 2010 voru þær ákveðnar í fjárhagsáætlun 198 m.kr. Við þetta bætist svo viðhald sem flokkast undir rekstur.

Framkvæmdaþörfin (fjárfestingaþörfin) er ekki undir 350 m.kr. á ári þannig að ekki er hægt að skera framkvæmdir niður í mörg ár án þess að þess sjái stað. Hvað þá ef farið er í nýjar fjárfestingar sem nokkuð hefur verið um á undanfögnu árum.

Í þessum drögum er reiknað með 215 m.kr. árið 2011 og 221,5 m.kr. árið 2012 og 183,5 m.kr. fyrir árið 2013. Sem fyrr segir er framkvæmdaþörfin meiri og mikið sem þarf að gera í viðhaldi gatna og gangstétta að ekki sé talað um nýframkvæmdir. Samt er þetta mikil hækkun frá því sem er á árinu 2009 og verður að koma í ljós í fjárhagsáætlunavinnu hvers árs hvort hægt verður að standa við þessar tölur.

Stærstu þættirnir eru hjúkrunarheimili, endurnýjun Funa og nýtt sorphirðukerfi, framkvæmdir í hafnarmálum og gatnagerð. Hvaða leið sem verður farin í sorphirðu og sorpeyðingu þá mun hún kosta mikið og þess vegna er þetta sett inn. Þá er reiknað með að framkvæmdir við snjóflóðavarnir verði miklar en 90% fæst endurgreitt úr Ofanflóðasjóði. Framkvæmdum við snjóflóðavarnir hefur verið frestað af hálfu Ofanflóðasjóðs skv. fyrirskipun fjármálaráðuneytis. Það hefur þau áhrif að varnarframkvæmdir dragast á langinn en skv. reglugerð á öllum varnarframkvæmdum í þéttbýli á Íslandi að vera lokið 2010. Það mun ekki ganga eftir því víða bíða stórverkefni í snjóflóðavörnum.

Ísafjarðarbæ, 18. janúar 2010
Halldór Halldórsson, bæjarstjóri
Jón H. Oddsson, fjármálastjóri